

Mánudaginn 17. janúarmán.

Nr. 21/1886

Hvalfjarðarstrandar-hreppur  
gegnÞorláki Ó. Johnson og  
Kristínu Bjarnadóttur.

## D ó m u r :

Með dómi, uppkveðnum fyrir aukarjetti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hinn 14. ágústmán. 1885, er áfrýjandinn, hreppsnefndin í Hvalfjarðarstrandar-hreppi, dæmd til þess, að greiða hinum stefndu, kaupmanni Þorláki Ó. Johnson og Kristínu Bjarnadóttur, 137 kr. 7 aura (á að vera 127 kr. 7 aura), sem endurgjald fyrir vangoldna landskuld og leigur af jörðinni Hóli í Svínadal fardaga-árin 1881 til 1883 með 4% í árlega vöxtu af upphæð þessari frá sáttakærudegi 3. ágúst 1884, til þess borgun er greidd; ennfremur 72 kr. 96 aura, sem endurgjald fyrir kúgildi það, er eigi var skilað með nefndri jörð, þegar hún var tekin út í fardögum 1883, en þá fór Nafri bóndi Jónsson frá jörðinni, svo og árlega leigu eptir kúgildið frá fardögum 1883 með 20 pd. smjörs, eða andvirði þeirra eptir verðlagsskrá; svo var og hreppsnefndin dæmd til að greiða málskostnað fyrir undirjetti með 90 kr. Dómi þessum hefur tjeð hreppsnefnd, eptir að hafa fengið uppreisn til áfrýjunar og gjafsókn, skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 3. sept. f. á., og krafizt þess, að verða algjörlega sýknuð fyrir kröfum hinna stefndu, Þorláks Ó. Johnsonar og Kristinar Bjarnadóttur, og að þau verði dæmd til þess að greiða allan málskostnað fyrir báðum rjettum. — Hin stefndu hafa aptur á móti krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með þeirri breytingu, að í staðinn fyrir hina

tildæmdu landskuldarupphæð 137 kr. 7 aura komi 127 kr. 7 aurar, og að áfrýendurnir verði dæmdir til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi með 30 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins.

Árið 1872 var jörðin Hóll í Svínadal af páverandi eiganda hennar Bjarna Bjarnasyni byggð Narfa bónda Jónssyni, en að sögn hinna stefndu með því skilorði, að hreppstjórinn í Hvalfjarðarstrandarhreppi, sem slíkur eða fyrir hreppsins hönd, ábyrgðist skilvíslega greiðslu á afgangi eptir jörðina og löglega ábúð hennar, meðan Narfi byggi þar og þyrfti styrks við af hálfu sveitarinnar, og til sönnunar skilmála þessum hafa hin stefndu framlagt eptirrit af skjali, útgefnu og undirskrifuðu af Þorvarði Ólafssyni að Kalastöðum hinn 10. júní 1872, en bæjarfógetinn í Reykjavík hefur sem notarius publicus með áteiknun sinni á eptirritið vottað, að það væri samhljóða frumritinu. Frumritið hefur eigi verið framlagt í málinu, og tjá hin stefndu, að það nú sje glatað. Skjal þetta hljóðar svo, að Þorvarður Ólafsson ábyrgist sem hreppstjóri í Strandarhreppi (þ: Hvalfjarðarstrandarhreppi) skilvíslega greiðslu á afgangi og löglega ábúð, hvað hús, tún o. fl. snertir, á jörðinni Hól í Svínadal meðan Narfi Jónsson býr þar og hann þarf styrks með af hálfu sveitarinnar. Áfrýendurnir hafa nú haldið því fram, að það sje eigi löglega sannað, að hreppstjórinn í Hvalfjarðarstrandarhreppi, Þorvarður Ólafsson, hafi gefið út skjal það, sem hið framlagða skjal tjáist vera eptirrit af, og hafa því gjörsamlega mótmælt gildi þess. En mótmæli þessi, sem eigi eru studd með neinum sönnunargögnum, verða eigi tekin til greina gegn hinu skýlausa notarial-vottorði, sem áður er áminnt; notarius publicus hefur vottað það tvennt, að hið framlagða skjal

sje rjett eptirrit af öðru skjali, er fyrir honum hafi legið, og að þetta skjal hafi verið frumrit 2: útgefið af Þorvarði Ólafssyni; enda hefur hið frumritaða skjal eptir innihaldi þess verið opinbert skjal, en slík skjöl ber án frekari sönnunar að álíta gefin út af embættismanni þeim, er þau tjá sig útgefin af, svo framarlega þessu eigi er hnekkð með ótvíræðri gagnsönnun. Það verður því að álíta það sannað, að hreppstjórinn í Hvalfjarðarstrandarhreppi hafi með skjalinu frá 10. júní 1872 lagt þá skuldbindingu á hreppsþjélagið, sem þar er tilgreind, en til þessa hafði hann sem sveitarstjóri lagalega heimild, og þessi skuldbinding, þannig löglega til orðin, hlaut að hvíla á hreppsþjélaginu, eins eptir að stjórn sveitarmálefna kom undir hreppsnefndir samkvæmt tilskipun 4. maí 1872, og það án tillits til þess, þótt hreppsnefndinni einhverra orsaka vegna ef til vill hafi verið ókunnugt um skuldbindinguna. Tjéð skuldbinding hreppsins var nú bundin því skilyrði, að Narfi Jónsson byggi á Hóli og þarfnæðist styrks með af hálfu sveitarinnar, og hafa áfrýendurnir haldið því fram, að engin sönnun sje sýnd fyrir því, að hann hafi þarfnæzt sveitarstyrks; en eins og það virðist viðurkennt í skjalinu 10. júní 1872, að hann þá hafi verið handbendi sveitarinnar, sbr. orðin: »meðan hann þarf styrks með af hálfu sveitarinnar«, þannig sýnist og það atvik vera næg sönnun í þessu efni, að hann eigi gat innt af hendi áfallin jarðarafgjöld, þegar hann fór frá Hóli. En frá Hóli varð Narfi að flytja í fardögum 1883, og stóð hann þá í skuld um þessi jarðarafgjöld:

- |  |           |
|--|-----------|
| 1. landskuld fyrir árið 18 <sup>81</sup> / <sub>82</sub> . . . . .         | kr. 41,49 |
| 2. landskuld fyrir árið 18 <sup>82</sup> / <sub>83</sub> . . . . .         | — 42,38   |
| 3. leigur eptir 3 jarðarkúgildi 18 <sup>82</sup> / <sub>83</sub> . . . . . | — 43,20   |

Þetta allt eptir verðlagsskrá samtals kr. 127,07

Svo skilaði hann og eigi heldur einu af þeim þrem kúgildum, er áttu að vera á jörðinni, en það voru 6 ær, og telst kúgildi þetta í peningum kr. 72.96. Að vísu hefur þessum reikningi yfir jarðarskuldarnar verið mótmælt af hálfu áfrýendanna, með því að alla lagasönnunvanti fyrir því, að skuld Narfa hafi verið svo há, og af því að reikningurinn sje rangur og uppskrúfaður, en slíkum almennum mótmælum gegn sundurliðuðum skuldar-reikningi verður eigi gaumur gefinn, sjerstaklega þar sem það í þessu máli er viðurkennt, að Narfi hafi eigi getað staðið landsdrottni skil á áföllnum jarðarskuldum, þá er hann flutti frá Hóli.

Af framanrituðum ástæðum verður yfirdómurinn að fallast á ákvæði undirdómsins um það, að áfrýendurnir eigi að greiða hinum stefndu endurgjald fyrir vangoldnar landskuldir og leigur af jörðinni Hóli fardaga-árin  $18^{81}/_{82}$  og  $18^{82}/_{83}$ , þó þannig, að upphæð þessi telst 127 kr. og 7 au., með 4% árlegum vöxtum frá 3. ágúst 1884 þangað til borgun er greidd; ennfremur endurgjald fyrir kúgildi það, er eigi var skilað með jörðinni Hóli vorid 1883, að upphæð 72 kr. 96 aur., svo og lögleigu eptir kúgildið frá fardögum 1883 með 20 pd. smjör's árlega, eða andvirði þeirra eptir verðlagsskrá, þangað til kúgildið er að fullu borgað, og verða mótmæli áfrýendanna gegn þessu ákvæði, um leigur af andvirði kúgildisins, eigi teknar til greina, með því að það er lögum samkvæmt. Eptir málavöxtum þykir rjett, að málskostnaður fyrir undirrjetti falli niður, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með breytingum þeim, er tilgreindar hafa verið. Málskostnaður fyrir yfirdómi á einnig að falla niður og verða hinum skipaða málsfærslumanni áfrýend-

anna eigi dæmd málsfærslulaun eptir þessum úrslitum sakarinnar.

Að því leyti málið hefur verið sótt með gjafsókn fyrir yfirdómi, vottast að flutningur þess hefur verið lög-  
mætur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjandi dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að endurgjald fyrir vangoldna landskuld og leigur að eins telst 127 kr. 7 aur., og að málskostnaður i hjeraði fellur niður.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 14. febrúarmán.

Nr. 3/1887

Hið opinbera

gegn

Valgarði kaupmanni Breiðfjörð.

D ó m u r :

Með dómi, kveðnum upp í lögreglurjetti Reykjavíkur-  
kaupstaðar 4. desbr. f. á., var hinn kærði, kaupmaður  
Valgarður Breiðfjörð, dæmdur fyrir að hafa gjört 2  
skúra við íbúðarhús sitt hjer í bænum, án þess að leita  
leyfis byggingarnefndarinnar, til þess að lúka 15 kr. sekt  
til fátækra sjóðs kaupstaðarins og til að greiða allan  
málskostnað.

Þessum dómi hefur að ósk hins kærða verið skotið til  
landsyfirdómsins.